

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar FENÚR fyrir starfsárið 2003 -2004

Góðir fundargestir. Að loknum síðasta aðalfundi FENÚR sem haldinn var að Hlégarði í Mosfellsbæ 19. apríl á síðasta ári skipti stjórnin með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Formaður Elías Ólafsson
varaformaður Pétur Bjarnason,
ritari Guðmundur Tryggvi Ólafsson
gjaldkeri Ragna Halldórsdóttir
meðstjórnandi Úlfar Haraldsson

Stjórnin hélt 10 fundina á starfsárinu og voru aðalmenn og varamenn í stjórn boðaðar á fundina. Fundargerðir þessara funda liggja fyrir.

Fyrsta stóra verkefni stjórnarinnar á árinu var þátttaka, undirbúningur og stjórn tveggja daga ráðstefnu á Selfossi 27-28 ágúst s.l. Ráðstefnan var haldin í samráði við Umhverfisráðuneytið, Samtök Iðnarins og Úrvinnslusjóð. Af okkar hálfu hvíldi undirbúningur mest á herðum Björns Halldórssonar sem situr í varastjórn Fenúr og Rögnu Halldórsdóttur gjaldkera FENÚR. Ráðstefnan var vel sótt og gekk afar vel og aðilum þakkað gott samstarf.

Ráðstefna þessi var kostuð af samtökum sem standa fyrir kynningu og útbreiðslu á Græna punktinum svokallaða sem er söfnunar- og endurvinnsluferfi umbúða í mörgum Evrópulöndum á ábyrgð framleiðanda vörunnar og byggir á frjálsri aðild framleiðanda að kerfinu. Samtökin eru skammstöfuð ITUT og hafa þann tilgang að útvíkka kerfið til sem flestra landa. Ef til vill má segja að ráðstefna þessi hafi verið haldin fullseint á Íslandi, en ýmsir hafa þó haft kynni af kerfinu á undanförunum árum. Einmitt á þessu ári er Úrvinnslusjóður að útvíkka starfsemi sína frá spilliefnum yfir í ýmsa úrgangsflokka þar sem allir eru skyldugir til að vera með og engir geta leikið lausum hala á þessum vettvangi en það er einmitt einn versti galli Grænapunktskerfisins víða.

Á ráðstefnunni voru fyrirlesarar víða að og sögðu frá reynslu af kerfi Græna Punktsins í sínum löndum. Síðari daginn voru íslensk úrgangsmálefni einkum til umræðu og lögðu þar ýmsir margt gott til mála. Öllum þátttakendum í ráðstefnunni hefur verið sendur geisladiskur með úrdrætti flestra erindanna.

Í september nánar tiltekið 18. september var haldinn kvöldfundur á Grand Hótelum um og talaði þar Norðmaðurinn Arne Lund Kvernheim um sorpmál í Noregi einkum með tilliti til lífræns úrgangs en Norðmenn meðhöndla u.þ.b. 300.000 tonn af lífrænum úrgangi á ári. Þar er jarðgerð langmest ríkjandi og miðað við fólksfjölda í Íslandi og Noregi samsvaraði þetta vinnslu á u.þ.b. 20.000 tonnum af lífrænum úrgangi á Íslandi. Leif Nilsson frá Svíþjóð sem starfar hjá RVF en það eru systursamtök FENÚR í Svíþjóð talaði um samtök sín og sagði almennt frá stöðu úrgangsmála í Svíþjóð. Á heimasíðu FENÚR sem full ástæða er til að kynna hér er m.a. að finna úrdrætti þessara erinda. Þessir ágætu gestir voru hér á landi á vegum SORPU og annaðist Björn Halldórsson milligöngu um að fá þá til að halda umrædd erindi. Kann FENÚR stjórnendum SORPU bestu þakkir fyrir.

Heimasíða FENÚR (fenur.is) var betrumbætt á árinu og hún gerð aðgengilegri fyrir notendur og einfaldari í vinnslu. Sem fyrr vann Gyða Björnsdóttir mest að rekstri og fl. sem tengist síðunni. Á síðunni er nú að finna ýmsan fróðleik um FENÚR og

almennan fróðleik um úrgangsmál en auk þess er auðvelt að tengjast öðrum skyldum heimasíðum.

Haustráðstefna Fénúr var haldin á Egilstöðum 14. nóv sl. í blíðskaparveðri. Meginþema ráðstefnunnar var “stórframkvæmdir og úrgangur” og var sjónum beint að stórframkvæmdum á Austurlandi bæði í nútíð og framtíð. Byrjað var á því að fara í skoðunarferð að Kárahnjúkum og að því loknu í skógarferð með viðeigandi ketilkaffidrykkju í boði skógarvarðar. Að ferð lokinna var sest niður á um það bil 3 tíma ráðstefnu þar sem fulltrúar fyrirtækja og stofnana á Austurlandi fræddu ráðstefnugesti um ýmsa þætti sem lúta að þessu meginþema ráðstefnunnar “stórframkvæmdir og úrgangur”. Gámaþjónusta Norðurlands styrkti ráðstefnuna auk þess sem Sorpsamlag Miðausturlands bauð uppá léttar veitingar að lokinni dagskrá.

Virgni starfshópa á vegum félagsins hefur verið mismikil starfshóparnir hafa þó fundað nokkrum sinnum og eru fundargerðir þeirra á heimasíðu FENÚR. Hópstjórum í þessum hópum er þakkað góð störf. (Listar yfir skáða félagi í hópunum eru hér á fundinum og bið ég fundarmenn um að athuga með skráningar.)

Ekki hefur tekist að blása lífi í ráðgjafastjórn samtakanna og hefur hún því verið óvirk á árinu og er e.t.v. þörf á að breyta samþykktum félagsins þannig að þær falli betur að þeim raunverulegu aðstæðum sem ríkja í okkar starfsumhverfi.

FENÚR sendi fulltrúa sinn, Björn Halldórsson á aðalfund ISWA til Melbourne í Ástralíu. Um langan veg var að fara en slíkt fylgir jú alþjóðlegu samstarfi. Umhverfisráðuneytið styrkti FENÚR vegna óvenjumikils ferðakostnaðar og kunnum við bestu þakkir fyrir. Á vegum ISWA sem hafa aðalskrifstofu í Kaupmannahöfn eru starfandi nokkrir starfshópar sem full ástæða er til að benda á og hvetja menn til að taka þátt í starfi þeirra. SORPA hefur um skeið átt fulltrúa í einum þessara starfshópa og nú í febrúar sl. fundaði einn þessara hópa á Íslandi og tóku þeir Guðmundur Tyggvi og Björn Halldórsson þátt í fundi þeirra. Athugun hefur staðið yfir á þátttöku FENÚR í Evrópusamtökum félagskapar á borð við FENÚR sem nefnast FEAD og hafa aðalskrifstofu í Belgíu. Vafalaust eigum við mesta samleið með Evrópubúum á sviði úrgangsmála sem og í svo mörgum öðrum málaflokkum. Þá eru samtökin ECN (European Compost Network) einnig mjög áhugaverð en sumir stjórnarmanna FENÚR hafa farið á ráðstefnur ECN á vegum fyrirtækja sinna. Á heimasíðu FENÚR er getið um helstu viðburði á vegum þessara samtaka allra og eru félagsmenn hvattir til að kynna sér starf þeirra.

FENÚR hefur haldið áfram að annast að láta framleiða og selja límmerki sem sýna hina ýmsu úrgangsflokka. Framleiðslukostnaður óseldra merki veldur mestu um að u.þ.b. 60 þúsund króna tap er á rekstri félagsins vegna ársins 2003. Nokkur lager er því til af merkjum og afgreiðslutími því lítill sem mun skila sér í meiri tekjum á næstunni. Ragna Halldórsdóttir gjaldkeri mun á eftir greina nánar frá reikningum félagsins og fjárhagslegri starfsáætlun næsta árs. Starfsfólk SORPU annast daglegan skrifstofurekstur fyrir FENÚR svo sem innheimtu félagsgjalda, færslu bókhalds, rekstur heimasíðu og sölu og útsendingu límmerkja í samræmi við samning þar um sem er FENÚR mjög hagstæður og má skoða sem óbeinan styrk SORPU við starfsemi félagsins og skal hér þakkað fyrir þann stuðning að góðum og íslenskum sið.

Eins og mörgum sem hér eru viðstaddir er kunnugt um þá voru á sl. ári settar þrjár reglugerðir í framhaldi af samþykkt laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og tilskipana EB um þessi mál.

Stjórn FENÚR barst drög að þessum reglugerðum í hendur til umsagnar á haustmánuðum en afar lítill frestur gafst til að skila inn athugasemdum. Þó tókst að skila umsögn um reglugerðina um urðun úrgangs og meðhöndlun úrgangs en umsagnarfrestur var liðinn þegar stjórn FENÚR barst drögin að reglugerðinni um brennslu úrgangs og var því engri umsögn skilað.

Í umsögnunum var lögð áhersla á að greininni væri ekki um of íþyngt með flóknum reglum heldur reynt að taka mið að raunverulegum aðstæðum sem meiri líkur væri á að hægt væri að framfylgja. Í áðursettum lögum og tilskipunum hafa þó flestir hnútar verið hnýttir í þessum málum og eru reglugerðinar í raun nánari útfærsla á þeim. Því er ekki gerlegt að gjörbreyta um kúrs á reglugerðarstiginu.

Ýmiss nýmæli má nefna í þessum reglum en meðal nýmæla er ákvæði um að Umhverfisstofnun skuli birta svokallaða landsáætlun sem lokið skal við fyrir fyrsta apríl 2004. Í reglugerðinni um meðferð úrgangs segir m.a:

Umhverfisstofnun skal, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og Úrvinnslusjóðs, gefa út almenna áætlun til minnst tólf ára í senn um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt og skal hún m.a. byggja á upplýsingum frá heilbrigðisnefndum. Áætlunin skal taka mið af lögum um meðhöndlun úrgangs, reglugerðum settum samkvæmt þeim sem og hafa það að markmiði að draga úr myndun úrgangs, auka endurnotkun og endurnýtingu. Í landsáætlun skal tilgreina stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum. Endurskoða skal áætlunina á þriggja ára fresti.

Í áætluninni skal eftirfarandi a.m.k. koma fram:

- a) yfirlit yfir magn, tegundir, uppruna og ráðstöfun úrgangs,*
- b) umfjöllun um endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs,*
- c) möguleikar á tæknilegum útfærslum á förgun úrgangs,*

Verður fróðlegt að fylgjast með hvernig umrædd áætlun kemur til með að líta út og verðu nýjum umhverfisráðherra vafalaust gott veganesti.

Á næsta starfsári er uppi hugmyndir að halda starfseminni í svipuðum farvegi en laða um leið félagsmenn til frekari þátttöku í starfi félagsins. Jafnframt þarf áfram að reyna fjölga félagsmönnum og halda áfram að gera heimasíðu FENÚR að því tæki sem nýtist enn betur.

Að lokum langar mig að rifja upp með ykkur helstu markmið FENÚR sem félagið setti sér við stofnun þess fyrir 6 árum en þau eru eru:

- að stuðla að minnkun úrgangs í samfélaginu,
- að auka þróun í meðhöndlun og meðferð úrgangs,
- að vera leiðandi afl í umfjöllun um úrgang og meðferð hans,
- að vera leiðandi í öflun upplýsinga um þróun og meðferð úrgangs í heiminum og dreifa upplýsingum til félagsmanna sem og á opinberum vettvangi,
- að hafa áhrif á setningu laga og reglugerða er varða úrgang og meðhöndlun hans.

Markmiðum nær FENÚR meðal annars með því að:

- Halda uppi faglegri umræðu í starfshópum undir leiðsögn ráðgjafastjórnar.
- Afla og dreifa þekkingu til félaga og yfirvalda.
- Útgáfustarfsemi.
- Ráðstefnuhaldi.
- Hvetja til og standa að þróunarverkefnum.
- Eiga góða samvinnu við aðra sem tengjast málaflokknum.
- Taka þátt í samstarfi, norrænu sem og alþjóðlegu.

Af þessari upptalningu lokinni þarf ekki að hafa mörg orð um að enn eru næg verkefni fyrir félagið og margt óunnið.

Að svo mæltu þakka ég ég stjórn og öllum félagsmönnum samstarfið á því starfsári sem er að ljúka.

Reykjavík 25. mars 2004

F. h. Framkvæmdastjórnar FENÚR

Elías Ólafsson

formaður stjórnar